

Mat á starfsáætlun fyrir skólaárið 2016-2017



Aðalbjörg Þorgrímsdóttir
Leikskólastjóri, 1.sept.2017.

Mat á starfsáætlun leikskólans Ársala 2016-2017

Tilgangurinn með mati þessu er að fara yfir þá starfsáætlun sem gerð var fyrir skólaárið 2016-2017 og greina frá því fyrir hvort eitthvað fór öðruvísi en áætlað var og hvernig brugðist var við því. Það er óhætt að segja að innra starf starfsáætlunarinnar hafi í öllum meginatriðum gengið eftir. Þá er átt við innihald og áherslur í starfinu almennt.

1. Viðhald og endurbætur - kafli 3.3.

Skipting lóðarinnar á eldra stiginu. Búið er að óska eftir því að skipta lóðinni á eldra stigi en það hefur ekki enn verið gert. Rökin fyrir því að óskað er eftir þessu á hverju ári eru þau að erfitt er að hafa fulla yfirsýn yfir þessa stóru lóð þannig að mögulegt sé að gæta fyllsta öryggis barnanna hvað varðar slyshættu. Þetta er hugsað m.a. með þarfir yngstu barnanna í huga en þau koma nú allt niður í tveggja ára yfir á eldra stig og eru mörg mjög hrædd og óörugg í útiverunni. Kastalinn sem er á lóðinni er öryggisvottaður samkvæmt öryggisstöðlum og er ætlaður fyrir börn þriggja ára og eldri en jafnvel þriggja ára börn eru ekki örugg í þessum kastala. Þetta er mat starfsmanna með áralanga starfsreynslu í vinnu með börn á leikskólum og þeir eru sérfræðingarnir á þessu sviði. Við höfum af þessu talsverðar áhyggjur. Ef lóðinni væri skipt til helminga hefðu starfsmenn mun betri yfirsýn og styttra viðbragðsrými ef eitthvað ber út af.

Drullusvæði: Sumarið 2016 voru fjarlægðir 2 runnar úr beðinu við hliðina á útiskúrnum á eldra stigi og bætt í það mold. Þetta á að vera drullusvæði þar sem hægt verður að drullumalla. Áætlað var sumarið 2017 að koma þar fyrir borði, vask og eldavél en því verkefni er ólokið.

Gormatæki: Í vor 2017 var eyðilagt fyrir okkur annað gormatækið á eldra stigi. Búið er að þannig nýtt en það er ekki komið.

Eftirfarandi verkefni voru leyst:

Ný þvottavél og þurrkari voru keypt fyrir eldra stigið.

Skipt var um sand í sandkössum beggja stiga í maí.

Málað var á deildum á eldra stigi það sem þurfti.

Rammar sem voru utan um tré á lóðinni voru teknir þar sem trén voru dauð og bara ramminn eftir.

Foreldrafélagið gaf okkur eina spjaldtölvu. Þetta er kærkomin gjöf sem nýtist vel í skólastarfinu.

Frystirinn á eldra stigi er bilaður verið er að vinna að viðgerð.

Uppþvottavél á eldra stigi er búin að vera í viðgerð annað slagið vegna skömmtnar á sápu og gljáa, biluð var dæla sem staðsett er inn í uppþvottavélinni en nú er búið að laga það.

Bílastæðismál við yngra stigið. Anna Jóna leikskólastjóri hefur ítrekað á hverju ári undanfarin ár að bæta þurfi úr bílastæðamálum við yngra stigið. 15. September s.l. var klárað að malbika viðbót við bílastæðið nú er aðeins eftir smá frágangur.

Raki í húsnæði yngra stigs

Rakinn byrjaði að gera vart við sig í stafninum í Lóni, þessum sem átti að klæða sumarið 2016 en var ekki gert. Einnig gerði raki vart við sig í norður vegg í Lóni. Gripið var til þess ráðs að flytja starfsemi Lóns inn í sal á meðan rakinn var rannsakaður. Niðurstaða sýnatöku benti eindregið til þess að mygla í húsnæðinu, væri ekki heilsufarlegt vandamál í leikskólanum. Foreldrar og starfsmenn voru upplýstir reglulega um stöðu mála með tölvupósti og fundum. Starfsmenn frá Verkfræðistofunni Eflu komu og tóku húsnæði á yngra stigi út og skiluðu af sér skýrslu um loftgæði og umfang rakans og til hvaða úrræða þyrfti að grípa til þess að koma í veg fyrir frekari skemmdir. Niðurstöður mælinga gáfu til kynna að hlutfall koltvísýrings í innlofti á almennum deildum væri of hátt og benda niðurstöður til þess að auka þurfi loftskipti t.d. með aukinn loftræstingu og er verið að finna lausnir í þeim málum. Farið var í framkvæmdir í Lóni bæði innan dyra og utan dyra í sumar. Stafn hússins í Lóni var klæddur að utan og er stefnt að því að klæða gamla hlutann í framhaldinu. Einnig var skipt um hluta gólfduks meðfram útvegg og innveggjaklæðning og einangrun endurnýjuð að hluta meðfram gólfi. Skipt var um glugga þar sem það þyrfti, veggir í Lóni málaðir og húsgögn og aðrir munir hreinsaðir eða endurnýjaðir. Til þess að hægt væri að ljúka framkvæmdum sbr. hér að ofan var ákveðið að fresta inntöku nýrra barna á yngra stig um tvær vikur eða til 7. september 2017.

Tölvur, ákveðið var að hætta að leigja tölvurnar og kaupa í staðin það var gert mánaðarmótin mars apríl. Þá keyptum við 11 skjái, 12 Intel box, 2 fartölvur og 12 lyklaborð og mýs.

2. Fæðismálin í Ársölum – kafli 4

Kaffi Krókur er með samning við Sveitarfélagið um eldun og framreiðslu hádegisverðar fyrir bæði stig Ársala en árið 2016 sá Grettistak um það fyrir Kaffi Krók en frá áramótum 2016-2017 tók Kaffi Krókur við. Maturinn kemur ýmist fülleldaður fyrir bæði stigin eða þá að búið er að undirbúa hann og svo klárað að elda matinn í leikskólanum, þetta fyrirkomulag gengur ágætlega.

3. Starfsrammi Ársala – kafli 5

Sveitarstjórn ákvað að sumarlokun 2017 í Ársölum yrði engin. Þetta leiddi til þess að ráða þurfti 5 starfsmenn í 100 % starfshlutfalli til að leysa af starfsmenn í sumarleyfum. Aðlögunin af yngra stigi og yfir á eldra stig fór fram eftir miðjan ágúst. Að þessu sinni fluttust 16 börn af yngra stigi yfir á eldra stig og sér starfsfólk leikskólans ætíð um aðlögun á milli aldursstiga. Það veltur á hvernig árgangarnir standa af sér hve mörg börn flytjast á milli stiga að hausti.

Það verður að segjast að ákvörðunin um að hafa leikskólann opin í sumar olli stjórnendum vonbrigðum. Erfitt reyndist að ráða hæft fólk til starfa og ráða þurfti frá 1.júní til að eiga möguleika á að fá einhverja í vinnu, sumir byrjuðu þó seinna. **Leikskólastjóri óskar eftir því hér með að mörkuð verði stefna sem fylgt verði eftir til næstu þriggja ára hvað varðar sumarlokun Ársala og að ákveðið verði eigi síðar en um áramótin 2017-2018 hvernig sumarlokun skuli háttað næstu sumur.** Þá er hægt að vinna eftir fyrirfram gefnu skipulagi. Í skólasamfélagi nútímans er hávær krafa um lýðræðisleg vinnubrögð. Það væri því í þeim anda að fulltrúi úr foreldraráði Ársala, leikskólastjóri og fræðslustjóri eða fulltrúi hans settu niður tillögu um fyrirkomulag sumarlokunar til næstu þriggja ára sem færi síðan fyrir fræðslunefnd nú í haust. Þannig að hægt væri að ákveða í sveitarstjórn fyrir áramótin hvernig þetta yrði næstu árin. Í öðrum miklu fjölmennari samfélögum en Skagafirði virðist vera hægt að ákveða slíka hluti nokkur ár fram í tímann. Því ætti það ekki að vera hægt hér?

Fjöldi barna var 179 skólaárið 2016-2017, 131 börn á eldra stigi og 48 á yngra stigi.

4. Starfsmannahald Ársala – kafli 6

Miklar breytingar hafa orðið í starfsmannahaldi síðasta skólaár þegar það hófst voru tveir í veikindaleyfi annar þeirra átti von á barni í september 2016 og kom aftur til vinnu nú í september 2017. Hinn var að jafna sig eftir krabbameinsmeðferð viðkomandi kom til vinnu í janúar 2017 og hveru verið í hlutaveikindum sem reiknað er með að sé lokið um næstu áramót og starfsmaðurinn komi þá í 100% vinnu. Einn starfsmaður fór í fæðingarorlof í desember, annar í apríl og þriðji í maí þessir starfsmenn fóru allir í veikindaleyfi fyrir fæðingu mis mikið og mis lengi.

Upp komu ýmiss annarskonar veikindi og voru það 10 starfsmenn sem fóru á einhverjum tímamarki í veikindaleyfi fyrir utan þessar sem áttu von á börnum. Veikindaleyfin stóðu mislengi yfir allt frá hálfum mánuði upp í að vera ekki enn lokið frá janúar 2017. Veikindi eru ófyrirsjáanleg og þegar mikið er um langtímaveikindi er ljóst að þau koma niður á rekstrarniðurstöðu skólans. Þar að auki er viðbótarálag á þá starfsmenn sem mæta í vinnuna þegar mikið er um veikindi og fjarvistir starfsmanna.

Til að gefa smá mynd af starfsmannaveltunni sem verið hefur síðastliðið árið þá hafa um 30 starfsmenn byrjað og hætt á leikskólanum sem er venjulega með um 55 starfsmenn í vinnu.

Það hefur óhjákvæmilega mikil áhrif á marga þætti þegar starfsmannaveltan er svona mikil og ekki síst þar sem Anna Jóna leikskólastjóri er í veikindaleyfi og ég (Aðalbjörg) leysi hana af og þegar ég kom í það þá var Sólveig aðstoðarleikskólastjóri í hlutaveikindum en allt hefur þetta samt gengið.

5. Starfsþróunarsamtöl – kafli 6.3.

Engin starfsþróunarsamtöl voru tekin á síðasta skólaári vegna manneklu og álags.

6. Símenntunaráætlun Ársala – 6.4.

Stjórnendum skólans er umhugað um símenntun starfsmanna sinna og eru þeir hvattir til að sækja sér námskeið. Mikið framboð er af ýmiss konar námskeiðum á vegum endurmenntunarstofnana Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri eða hjá hinum ýmsu félögum og samtökum þar sem flestir ættu að geta fundið eitthvað sem þá langar til að setja sig betur inn í, til að bæta sig í starfi og/eða

endurmennta sig. Starfsmenn sækja yfirleitt um styrk hjá sínu stéttarfélagi fyrir námskeiðum og fá þá frí á launum til að sækja þau. Það er enginn fyrirfram ákveðinn kvóti á fjölda þeirra sem fara á námskeið á sama tíma, heldur er reynt að koma til móts við óskir starfsmanna eins og aðstæður leyfa á hverjum tíma. Það kemur einnig fyrir að leikskólinn býður starfsmönnum sínum upp á námskeið og það sem er blálitað í upptalningunni hér á eftir eru námskeið sem leikskólinn hefur greitt fyrir eða eru starfsmönnum að kostnaðarlausu.

Hér er yfirlit yfir þau námskeið sem starfsmenn sóttu skólaárið 2016-2017

- [Hljóm2-námskeið](#), 5.sept. og 14.okt.: 1 leikskólakennari
- [Námskeið í „Lubba“- málörvunaraðferð; þrívíddarnám: Sjón, heyrn, hreyfiskyn](#), 31.okt: 5 leikskólakennarar
- [„Atferlisíhlutun fyrir börn með þroskafrávik“](#), 27.og28.sept: Verkefnisstjóri námsaðlögunar og 1 leikskólasérkennari
- [„Námskeið um Downs-börn á leikskólaaldri“](#), 29.sept: Verkefnisstjóri námsaðlögunar og 1 leikskólasérkennari
- [„TRAS-námskeið](#), 30.sept. og 4.nóv.: 4 leikskólakennarar
- [SMT-þing í Reykjavík](#), 27.okt.: 1 leikskólakennari
- [„Heilsueflandi málstofur“](#), 4.nóv. í Borgarnesi: 1 leikskólakennari
- [Haustþing leikskóla í Skagafjarðar-og Húnavatnssýslum](#), 7.okt.: Allir starfsmenn. „Næring ungra barna“ og málstofur um: Tónlist, félagsfærnisögur, útikennslu, „Leikur að læra“, IPAD í kennslu, verðlaus efniviður og „hvenær er málörvun markviss?“
- [Kynning á skoskum matsaðferðum í skólum West-Lothian í Skotlandi](#), 26.-28.sept.: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
- [Fræðsludagur skóla í Skagafirði](#), 11.nóv.: Allir starfsmenn. Þema dagsins er: [Læsi](#)
- [BET sýning og fyrirlestrar í Englandi](#) 25. Jan til og með 27. Jan: Verkefnisstjóri námsaðlögunar.
- [Skipulagsdagur 8 .feb Skyndihjálpi, fyrirlestrar, verkefni og verklegaræfingar: Allir starfsmenn leikskólans.](#)
- [AEPS námskeið í Reykjavík](#) 14 og 15. Febrúar: Verkefnisstjóri námsaðlögunar.
- [Námskeið, villulaustnám, snemmtæk íhlutun](#) 16.. mars: Verkefnisstjóri námsaðlögunar.
- [Heilsuefling og næring í boði sveitafélagsins](#) 24. Mars: 1 starfsmaður
- [Námskeið, Gerd Strand](#) 29. Mars: 3 leikskólakennarar.
- [Námskeið, Excel í boði sveitafélagsins](#) mars og apríl 7. skipti: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.
- [Dale – Carnegie námskeið](#), mars og apríl 3. Skipti: 1 leikskólakennari.

Farið er fram á það við starfsmenn að þeir segi í stuttu máli frá þeim námskeiðum sem þeir fara á, á starfsmannafundum því það er mikilvægt að deila upplifunum og ef til vill nýjungum í

starfsháttum með starfsfélögum sínum. Þannig kemur það skólasamfélaginu okkar til góða og tilganginum með því að starfsmenn fái leyfi á launum til að sækja námskeið er náð.

Auk námskeiða er stunduð símenntun innan stofnunarinnar með svokölluðum kennaraskiptum en þá skipta starfsmenn/kennarar um starfsstöð einn dag í senn kl. 9-15. Þetta reynum við að gera þannig að allir skipti a.m.k. einu sinni á skólaári. Þetta hefur aðallega verið á milli eldra og yngra stigs. Þetta var ekki gert á síðasta skólaári.

Kennaraskipti milli kennara elstu barna Ársala og 1. bekkjar kennara Árskóla eru einnig virk og hafa verið í þróun undanfarin ár. Þeir skipta um starfsstöð tvisvar á skólaárinu og það þykir mjög gott einmitt til að sjá og upplifa kennsluaðferðir og aðstæður hjá báðum aðilum. Þetta var ekki gert á síðasta skólaári.

7. Innihald og áherslur – kafli 8.1.

Fjölmenningardagarnir voru 17 því í vetur voru hér börn af 16 þjóðernum auk Íslands. Löndin sem börnin eiga rætur í eru: Danmörk, Svíþjóð, Þýskaland, Pólland, Lettland, Kúrdistan, Skotland, Marokkó, Spánn, Ungverjaland, Belgía, Sviss, Brasilía, England og Grænland. Fjölmenningardagarnir voru jafnt og þétt yfir veturinn og á þeim dögum var matur í hádeginu sem tengist matarhefð þess lands sem var verið að vinna með hverju sinni. Við gerðum ýmislegt til þess að fræðast meira um löndin eins og t.d. að lita fána, hlusta á tónlist/sögur, skoðaða bækur frá viðkomandi landi. Stundum komu foreldrar og/eða börnin með eitthvað tengt þjóðinni. Þetta eru ofsalega skemmtilegir dagar og erum við ánægð hvernig þetta tekst til.

Alla föstudaga er Vinastund á Völlum (salurinn) á eldra stiginu og Ströndinni (salurinn) á yngra. Vinastundin hefst alltaf á eldra stiginu kl. 09:00 og tekur 15-20 mínútur. Leikskólastjóri leiðir þessar sameiginlegu söngstundir og leikur undir á gítar. En síðan Anna Jóna fór í veikindaleyfi hafa deildirnar skipst á að sjá um vinastundirnar. Það gengur vel en við söknum þess að hafa ekki Önnu Jónu og gítarinn hennar.

Á eldra stiginu skiptast deildirnar á að vera með uppákomur í vinastundum vetrarins í bland við annað. Það var ekki í vetur þar sem deildirnar voru að sjá um vinastundir.

Dagur leikskólans er 6. febrúar að þessu sinni vorum við með opið hús og sýndum myndband frá starfi leikskólans.

Dekurdagur barna átti að vera 9. mars en vegna mikils ágangs lúsa og njálgs var þessi dagur felldur niður.

Myndlistarsýning Ársala var ekki haldin að þessu sinni.

Skrúðganga var farin um nærumhverfið á yngra stigi í tilefni af 17. júní en á eldra stig var sett upp mikil og skemmtileg stöðvavinna.

Lummukaffi var ekki haldið í tilefni lummudaga. Við skreyttum samt í tilefni þeirra og buðum börnunum upp á lummur í hressingu.

8. Nemendur í starfsþjálfun og vinnuskólinn – kafli 9.2.

Þrjú nemendur úr 9. bekk Árskóla voru hjá okkur í starfsþjálfun fyrir áramót en engir unglingar frá Vinnuskólanum voru í vinnu hjá okkur í sumar.

9. Tilhögun námsaðlögunar 2016-2017 – kafli 10.1.

Endurmat á námsaðlögun skólaárið 2016-2017

Í vetur kom verkefnisstjóri að málum 40 barna. Ástæðurnar voru af ýmsum toga svo sem hegðunarvandi, málþroskavandi, einhverfueinkenni, seinkun á almennum þroska, tvítýngi, utanumhald vegna barns með erfið flog, aðkoma að þjálfun barns með fötlun.

Hljóm2: 3 börn þurftu námsaðlögun eftir niðurstöður Hljóm2 sem tekið var á haustdögum. Eins og vinnureglur leikskólans segja til um var málum barnanna vísað til talmeinafræðings sem tók málþroskapróf og var niðurstaða þeirra að börnin væru með skilgreindan vanda og var unnið markvisst með þá þætti sem vantaði upp á fram í mars þegar Hljóm2 var tekið aftur þá höfðu börnin sýnt nokkrar framfarir, unnið var markvisst með þau áfram.

Verkefnisstjóri námsaðlögunar útbjó þjálfunaáætlun fyrir þau börn sem þurftu auka þjálfun og afhenti deildarstjórum þær til að fara eftir, en börnin fengu einnig einstaklingsþjálfun hjá verkefnisstjóra.

Mikið var um frumgreiningar, skýrslugerðir og beiðnir til Tilvísanateymis vegna málefna barna sem þurftu aðkomu annarra sérfræðinga. Alls voru mál 12 barna send áfram til Tilvísanateymis, flest þörfuðust aðkomu talmeinafræðings vegna málþroska og sálfræðings vegna einkenna einhverfu, ADHD eða röskunar á almennum þroska. Eitt barn bíður eftir mati sálfræðings á einhverfu einkennum, beðið er eftir aðkomu Greiningar og ráðgjafarstöðvar ríkisins í einu máli. Stuðningur var við barn með erfiða flogaveiki frá 9-16 alla daga. Öflug og markviss þjálfun var við barn með þroskaseinkun frá 9.30 -12:15 inni á deild alla daga og að auki einstaklingsþjálfun hjá verkefnisstjóra. Síðasta skóla ár var eitt barn í leikskólanum með skilgreinda fötlun og var með stuðning allan dvalartíma sinn í leikskólanum. Reglulegir teymisfundir voru í vetur með sérfræðingum sem koma að barninu s.s. sjúkráþjálfra og talmeinafræðingi, skilafundir voru með sérfræðingum sem skiluðu af sér niðurstöðum á mati fyrir þau 12 börn sem vísað var áfram. Skýrslugerðir og fyrirlagnir á ýmsum greiningarlistum voru einnig meðal verkefna verkefnisstjóra.

10. Innra mat - kafli 13

Byrjað var með enduskoðunarvinnu á starfsmanna og foreldra handbók og er þeirri vinnu að ljúka. Leikskólar Skagafjarðar eru komir í Skólapúlsinn og í mars byrjun var lögð fyrir foreldrakönnun, við eigum eftir að fá aðstoð við að lesa úr henni.

Aðalbjörg Þorgrímsdóttir, leikskólastjóri.